

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 356/1997.

Knattspyrnufélagið Fram

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

Lífeyrissjóði lækna

(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Skuldabréf. Viðtökuréttur. Greiðslustaður. Geymslugreiðsla. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1997. Ekki varð af þingfestingu málsins 6. ágúst 1997, en áfrýjað var að nýju með stefnu 2. september sama árs með heimild í 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1994. Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Í málinu krefst stefndi greiðslu samkvæmt tveimur samhljóða skuldabréfum, út gefnum af áfrýjanda til stefnda 1. apríl 1993. Skuldin samkvæmt hvoru bréfi var upphaflega að fjárhæð 2.500.000 krónur, sem átti að greiða með þremur jöfnum árlegum afborgunum 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn árið 1994. Skuldin var bundin vísitölu, en bar ekki vexti. Í báðum skuldabréfum var svofellt ákvæði: „Greiðslustaður er hjá Landsbanka Íslands, Múlaútibúi.“

Stefndi fól Íslandsbanka hf. að innheimta kröfur samkvæmt skuldabréfunum. Samkvæmt áritun bankans á bréfunum var fyrsta afborgun innt af hendi með fjórum greiðslum í maí 1994. Þegar leið að gjalddaga árið 1995, mun Íslandsbanki hf. hafa beint greiðslukröfu til áfrýjanda. Í skýrslu fyrir héraðsdómi greindi gjaldkeri áfrýjanda frá því, að sumarið 1995 hefði borist tilkynning frá Íslandsbanka hf. um vanskil af skuldabréfunum. Hann hafi snúið sér

til bankans og bent á, að greiðslustaður skuldabréfanna væri í Landsbanka Íslands. Þangað ætti að beina tilkynningum, enda væri fé til að greiða af skuldabréfunum á reikningi við Landsbankann, sem starfsmenn þar væru einir færir um að ráðstafa. Gjaldkeri áfrýjanda kvað ágreining þegar hafa komið upp um, hvort greiða ætti dráttarvexti vegna vanskila á afborgun af skuldabréfunum, en þrátt fyrir ábendingu sína hefði Íslandsbanki hf. ekki leitað eftir greiðslu hjá Landsbanka Íslands. Hann hafi því rætt við starfsmenn Landsbankans og óskað eftir, að þeir beindu bréflegu erindi til Íslandsbanka hf. af þessu tilefni. Í málinu liggur fyrir bréf frá Múlaútibúi Landsbanka Íslands til Íslandsbanka hf. 17. nóvember 1995, þar sem vísað var til þess, að síðarnefndi bankinn hefði til innheimtu tvö skuldabréf, út gefin af áfrýjanda, með gjalddaga 1. apríl 1995. Í bréfinu sagði eftirfarandi: „Samkvæmt texta í ofangreindum bréfum er greiðslustaður hjá Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og verður gjalddaginn greiddur (sic) við framvísun bréfanna í útibúinu.“ Íslandsbanki hf. virðist ekkert hafa gert af þessu tilefni.

Lögmaður stefnda sendi áfrýjanda innheimtubréf 30. janúar 1996, þar sem krafist var greiðslu afborgunar af báðum skuldabréfunum með gjalddaga 1. apríl 1995. Var skuldin sögð nema 2.165.777 krónum með dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Lögmaðurinn ítrekaði tilmæli sín með bréfi 21. febrúar 1996. Hinn 21. mars 1996 voru 1.794.870 krónur lagðar inn á bankareikning lögmannsins með þeirri skýringu, að greiðandi væri áfrýjandi vegna gjalddaga skuldabréfa 1. apríl 1995. Í bréfi lögmannsins til áfrýjanda 25. mars 1996 var greint frá því, að greiðslunni hefði verið ráðstafað til að gera upp dráttarvexti og innheimtukostnað, en afgangi hennar síðan varið til innborgunar á höfuðstól skuldarinnar, sem væri að eftirstöðvum 406.351 króna eftir greiðsluna. Af bréfinu verður ráðið, að aðilar séu á einu máli um, að fjárhæð greiðslunnar 21. mars 1996 hafi nægt fyrir afborgun og verðbótum, sem voru í gjalddaga 1. apríl 1995. Lögmaðurinn áritaði skuldabréfin um greiðsluna 21. mars 1996 með sama hætti og greint var í bréfi hans til áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins gaf lögmaður stefnda sig fram í Múlaútibúi Landsbanka Íslands 3. apríl 1996 og krafðist greiðslu lokaafborgunar af skuldabréfunum, sem var á gjalddaga 1. sama mánaðar, auk þess sem ógreitt hefði verið af afborgun næsta árs á

undan. Starfsmenn bankans buðu þá fram greiðslu lokaafborgunarinnar gegn því, að skuldabréfin yrðu afhent með áritun um, að þau væru að fullu greidd. Þessu boði hafnaði lögmaðurinn. Var mál þetta síðan höfðað til heimtu á 406.351 krónu, sem stefndi telur ógreidda af afborgun 1. apríl 1995, auk lokagreiðslu á gjalddaga ári síðar, að fjárhæð 1.854.110 krónur, en samtals krefst stefndi þannig greiðslu á 2.260.461 krónu.

II.

Í skuldabréfunum, sem málið er risið af, var, sem áður segir, tekið fram, að greiðslustaður væri í Múlaútibúi Landsbanka Íslands. Stefnda bar því án undangenginna tilkynninga áfrýjanda eða bankans að vitja þangað greiðslu afborgunar af skuldabréfunum 1. apríl 1995, nema um annað yrði þá samið. Ekki hefur verið hnekkst staðhæfingu áfrýjanda um, að greiðsla hafi verið tiltæk í bankanum handa stefnda á gjalddaga. Greiðslufall af skuldabréfunum varð því eingöngu vegna atvika, sem stefnda verður kennt um. Áfrýjandi gat brugðist við þessum viðtökudrætti stefnda með þeim hætti, sem um ræðir í 1. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé. Þetta var áfrýjanda hins vegar ekki skylt. Að þessu gættu voru atvik slík, að stefndi átti hvorki rétt til dráttarvaxta af skuldinni vegna ákvæðis 13. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 né gat hann krafist þess, að áfrýjandi bætti sér kostnað af lögfræðilegri aðstoð við innheimtu hennar. Stefnda var því 21. mars 1996 að fullu greidd sú fjárhæð, sem þá var gjaldfallin af skuldabréfum hans.

Eins og áður greinir, leitaði stefndi 3. apríl 1996 eftir greiðslu í Múlaútibúi Landsbanka Íslands á því, sem hann taldi þá ógreitt af skuldabréfunum. Vegna þess, sem áður greinir, var bankanum þá rétt að hafna kröfu stefnda um greiðslu þess, sem hann taldi vanta á fulla greiðslu afborgunar 1. apríl 1995. Stefndi hefur ekki mótmælt því, að sér hafi við þetta tækifæri staðið til boða greiðsla lokaafborgunar af skuldabréfunum, sem var á gjalddaga 1. apríl 1996. Samkvæmt þeim meginreglum, sem gilda um viðskiptabréf, var bankanum heimilt í þágu áfrýjanda að setja skilyrði fyrir þeirri greiðslu um, að skuldabréfin yrðu afhent um leið með fullnaðarkvittun. Stefndi kaus að hafna þessu boði um réttar efndir. Það gerði hann á eigin áhættu. Af sömu ástæðum og áður greinir, nýtur

stefndi því ekki réttar til dráttarvaxta af þeirri fjárhæð, sem greiða átti á gjalddaga 1. apríl 1996, eða til greiðslu innheimtukostnaðar af skuldinni að þessu leyti.

III.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti færði áfrýjandi ekki fram sérstök rök fyrir aðalkröfu sinni um sýknu. Óumdeilt er, að stefndi eigi ógreidda lokaafborgun af skuldabréfunum, sem um ræðir í málinu, samtals 1.854.110 krónur. Verður varakrafa áfrýjanda því tekin til greina, þannig, að hann verður dæmdur til að greiða stefnda þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum, sem byrji að falla til að liðnum fimmtán dögum frá uppsögu þessa dóms, ef skuldin verður ekki greidd innan þess tíma.

Eftir þessum úrslitum málsins verður ekki komist hjá því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Knattspyrnufélagið Fram, greiði stefnda, Lífeyrissjóði lækna, 1.854.110 krónur. Áfrýjanda ber að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 18. apríl 1998 að telja, verði hún ekki greidd fyrir þann tíma.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 4. mars sl., er höfðað af Lífeyrissjóði lækna, Hlíðarsmára 8, Kópavogi, gegn Knattspyrnufélaginu Fram, Safamýri 28, Reykjavík, með stefnu, sem lögð var fram í dómi 27. júní 1996.

Málið var upphaflega einnig höfðað gegn Íslandsbanka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. júní 1996, en í þinghaldi 25. nóvember 1996 var fallið frá kröfum á hendur bankanum í málinu.

Málið er rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur aðila.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda, Knattspyrnufélaginu Fram, verði gert að greiða stefnanda 2.260.461 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 406.351 krónu frá 21. mars 1996 til 1. apríl 1996, en af 2.260.461 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar að mati dómsins og virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að krafan verði lækkuð. Þess er einnig krafist, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar, en við munnlegan málflutning var gerð sú krafa til vara, að málskostnaður yrði felldur niður.

Í greinargerð stefnda er gerð krafa um frávísun málsins, en fallið var frá þeirri kröfu í þinghaldi 3. desember 1996.

Málavextir og ágreiningsefni.

Krafa stefnanda í málinu er til komin af því, að stefndi gaf út tvö skuldaþréf til stefnanda 1. apríl 1993, að fjárhæð 2.500.000 krónur hvort. Gjald dagar voru þrír, 1. apríl 1994, 1. apríl 1995 og 1. apríl 1996, en greiðslustaður var í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi.

Skuldaþréfin voru til innheimtu fyrir stefnanda hjá Íslandsbanka hf. í Lækjargötu. Hinn 6. maí 1994 var greitt af öðru skuldaþréfinu og dagana 9., 11. og 16. maí sama ár af hinu samkvæmt áritun Íslandsbanka hf. á þau.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Íslandsbanki hf. hafi sent Múlaútibúi Landsbankans tilkynningu um 2. gjalddaga, sem var 1. apríl 1995. Ítrekuðum tilkynningum um greiðslu frá Íslandsbanka hafi ekki verið sinnt, og hafi lögmanni stefnanda því verið falið að innheimta skuldina 25. janúar 1996.

Í gögnum málsins kemur fram, að lögmaður stefnanda sendi stefnda innheimtubréf 30. janúar 1996 og ítrekun 21. febrúar sama ár. Hinn 21. mars sama ár greiddi stefndi inn á reikning lögmanns stefnanda 1.794.870 krónur vegna gjalddaga 1. apríl 1995. Með bréfi lögmannsins, dags. 25. mars sama ár, var staðfest viðtaka greiðslunnar. Fram kemur í bréfinu, að hluti greiðslunnar var af lögmannsins hálfu talinn greiðsla á dráttarvöxtum og innheimtukostnaði og að ógreiddur höfuðstóll væri þá 406.351 króna. Loka greiðsla vegna síðustu afborgunar 1. apríl 1996 og vanskil vegna annarrar afborgunar væru því samtals 2.262.267 krónur.

Lögmaður stefnanda sýndi skuldaþréfin til greiðslu í Múlaútibúi Landsbankans 3. apríl 1996. Var af hálfu bankaútibúsins fallist á að greiða síðustu afborgun samkvæmt skuldaþréfunum gegn því, að lögmaðurinn afhenti

bæði skuldabréfin með áritun um fullnaðargreiðslu. Á það féllst lögmaðurinn ekki, og er skuldin enn ógreidd.

Í bréfi lögfræðingadeildar Landsbanka Íslands, dags. 3. apríl 1996, kemur fram, að á gjalddögum skuldabréfanna hafi verið til reiðu peningar í Múlaútibúi bankans til greiðslu á skuld stefnda. Skuldabréfin hafi ekki verið sýnd til greiðslu á greiðslustað, og hafi þar af leiðandi ekki stofnast vanefnd af hálfu skuldara. Lýst er jafnframt þeirri skoðun, að ekki sé hægt að innheimta dráttarvexti og innheimtukostnað hjá stefnda, eins og málum væri háttað.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi reisir kröfur í málinu á því, að skuldabréfin, sem hér um ræðir, hafi verið til innheimtu í Íslandsbanka hf., og hafi bankinn sent stefnda tilkynningar um gjalddaga skuldabréfanna 1. apríl 1995. Ítrekaðar tilkynningar hafi ekki leitt til greiðslu. Lögmaður stefnanda hafi sent stefnda innheimtubréf 30. janúar 1996, en þá hafi skuldin verið 2.165.777 krónur. Í bréfinu hafi verið hótad gjaldfellingu. Lögmaðurinn hafi síðan átt nokkur símtöl við fyrirsvarsmenn stefndu, og hafi þeim verið veittur frestur á greiðslu. Þegar greiddar voru af bréfunum 1.794.870 krónur 21. mars 1996, hafi skuldin verið 2.201.221 króna. Það hafi því vantað 406.351 krónu upp á fulla greiðslu. Engin viðbrögð hafi orðið af hálfu stefnda við bréfi lögmanns stefnanda 25. mars 1996 um stöðu skuldarinnar og lokagjalddaga 1. apríl 1996.

Hinn 3. apríl 1996 hafi lögmaður stefnanda sýnt skuldabréfin í Múlaútibúi Landsbankans og krafist um greiðslu. Starfsmenn bankans hafi neitað greiðslu, bæði á heildarkröfu og greiðslu vegna gjalddagans 1. apríl 1996. Þeir hafi þó verið tilbúnir að greiða fjárhæðina vegna síðasta gjalddagans gegn afhendingu skuldabréfanna með áritun um fullnaðargreiðslu, en ekki hafi verið unnt að verða við því. Skuldin hafi ekki enn fengist greidd, og því væri málsóknin óhjákvæmileg.

Stefnukrafa er þannig sundurliðuð:

Það, sem á vantar fullnaðargreiðslu 1. apríl 1995	kr.	406.351
Lokagreiðsla 1. apríl 1996	–	1.854.110
Samtals	kr.	<u>2.260.461</u>

Krafa stefnanda um dráttarvexti er studd því, að greiðsla hafi ekki verið innt af hendi á gjalddögum skuldabréfanna og innheimtukostnaður væri afleiðing vanskilanna, en stefndi hafi ekki geymslugreitt greiðslur.

Af hálfu stefnanda er vísað til meginreglna samningaréttarins um skuld-

bindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga. Kröfu um dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflytningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að greiðslustaður skuldabréfanna hafi verið í Múlaútibúi Landsbankans samkvæmt texta bréfanna. Samkomulag hafi verið um, að borgarsjóður greiddi inn á ákveðinn reikning í bankanum, en þeim greiðslum hafi átt að ráðstafa til greiðslu á skuldabréfunum á sama hátt og á öðrum skuldabréfum, sem til voru komin með sama hætti. Bankinn hafi einn haft aðgang að þeim reikningi. Hafi Íslandsbanka, þar sem skuldabréfin, er hér um ræðir, voru til innheimtu, verið bent á að senda greiðsluseðla til Múlaútibús Landsbankans. Greiðslur samkvæmt 1. gjalddaga, 1. apríl 1994, hafi verið inntar af hendi af útibúinu á réttum gjalddaga.

Þegar stefnda hafi borist ítrekanir síðsumars 1995, hafi gjaldkeri stefnda haft samband við forstöðumann innheimtudeildar Íslandsbanka og bent honum á, að greiðslustaður væri Múlaútibú Landsbankans. Sama hafi verið gert, þegar lögmaður stefnanda hafi sent stefnda innheimtubréf. Því er mótmælt sem röngu, að stefndi hafi samið við lögmann stefnanda um einhvern greiðslufrest.

Kröfur stefnda eru reistar á almennum viðskiptabréfareglum kröfuréttarins sem og almennum reglum kröfuréttarins um viðtökudrátt. Samkvæmt skuldabréfunum sé skýrt, að greiðslustaður sé Landsbanki Íslands, Múlaútibú, og geti hvorki handhafi bréfs né innheimtuaðili breytt greiðslustað einhliða. Stefnanda hafi verið kunnugt um, að eiginlegur greiðandi bréfanna sé Landsbanki Íslands, Múlaútibú, og því beri honum að beina kröfunni þangað.

Varakrafa stefnda er miðuð við það, að þar sem stefnandi hafi ekki sýnt skuldabréfin til greiðslu á réttum stað, eigi hann ekki kröfu um greiðslu dráttarvaxta eða kostnaðar, enn fremur, að stefnandi hafi neitað að taka við greiðslu frá Landsbankanum, en þar sé til reiðu greiðsla vegna höfuðstóls gjalddagagreiðslu. Viðtökudráttur af hálfu stefnanda leiði ekki til þess, að kostnaður eða vextir leggist á eftir viðtökudráttinn.

Varðandi kröfu um greiðslu málskostnaðar er af hálfu stefnda vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991. Að því er varðar kröfu um virðisaukaskatt, er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefndi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi, og því sé nauðsynlegt að fá hann dæmdan úr hendi stefnanda.

Niðurstöður.

Eins og hér að framan er lýst, byggist sýknukrafa stefnda á því, að kröfu stefnanda beri að beina að Múlaútibúi Landsbanka Íslands, sem sé eiginlegur greiðandi kröfunnar. Samkvæmt skýru orðalagi í skuldabréfunum, sem hér um ræðir, er stefndi aðalskuldari þeirra, en einfalda ábyrgð ber borgarsjóður Reykjavíkur samkvæmt áritun á skuldabréfin. Sú málsvörn stefnda, að kröfunni beri að beina gegn bankanum, á því ekki við rök að styðjast.

Óumdeilt er í málinu, að skuldabréfunum var ekki framvísað á greiðslustað á gjalddaga 1. apríl 1995. Stefndi gat því samkvæmt 1. gr. laga um geymslufé nr. 9/1978, sbr. 1. nr. 57/1993, fullnægt greiðsluskyldu sinni með því að greiða skuldina á geymslureikning í viðskiptabanka eða sparisjóði. Það gerði stefndi ekki, og ber honum því samkvæmt 1. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. gr. 1. nr. 67/1989, að greiða stefnanda dráttarvexti frá 1. apríl 1995 af þeirri fjárhæð, sem þá féll í gjalddaga samkvæmt skuldabréfunum, og innheimtukostnað, sem af þessum vanskilum stefnda leiddi.

Innheimtutilraunum stefnanda er lýst hér að framan í kaflanum um málsatvik og ágreiningsefni. Hvorki verður af þeim ráðið né af gögnum málsins, að stefnandi hafi neitað að taka við greiðslu á skuldinni úr hendi stefnda, eins og haldið er fram í málinu af stefnda hálfu.

Með vísan til þessa og þar sem útreikningi á kröfu stefnanda er að öðru leyti ómótmælt, ber að taka kröfur stefnanda í málinu til greina.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, og þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 100.000 krónur að viðbættum virðisaukaskatti, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Knattspyrnufélagið Fram, greiði stefnanda, Lífeyrissjóði lækna, 2.260.461 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 406.351 krónu frá 21. mars 1996 til 1. apríl 1996, en af 2.260.461 krónu frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.